

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.09.20
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	2008639

Bæjarstjórn Garðabæjar
v.t. Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 1. september 2020

**Efni: Ársreikningur Styrktarsjóðs Garðasóknar árið 2019.
Beiðni um árlegt framlag bæjarsjóðs Garðabæjar til sjóðsins fyrir árið 2019.**

Meðfylgjandi er áritað eintak af ársreikningi Styrktarsjóðs Garðasóknar fyrir rekstrarárið 2019 sem samþykktur var á aðalsafnaðarfundum Garðasóknar fimmtudaginn 27. ágúst 2020.

Heildarframlög bakhjarla sjóðsins námu 3.600.000 kr. á árinu og framlög annarra (einstaklingar/fyrirtæki) 50.000 kr. eða alls 3.650.000 kr. Sjóðsstjórn ráðstafaði 3.435.000 kr. til styrkumsækjenda. Fjármagnstekjur hækkuðu töluvert milli ára góðrar ávöxtunar safna og námu um 1.175.000 kr. Rekstrarafgangur var um 1.365.000 kr. Sjóðsstjórn ráðstafaði öllum fjármunum sem heimilt var samkvæmt reglum sjóðsins.

Sem fyrr var stuðningur fyrir jóla (jólastyrkir) fyrirferðarmikill við úthlutun og um 2/3 af öllum styrkveitingum fóru fram í desember. Unnt var að verða við öllum umsóknum sem bárust.

Aðalsafnaðarfundur samþykkti að framlag Garðasóknar til Styrktarsjóðsins yrði 1.600.000 kr. árið 2020 sem er sama fjárhæð og í fyrra.

Garðabær leggur sjóðnum venjulega til sömu fjárhæð og Garðasókn ár hvert.

Þess er óskað að framlag Garðabæjar fyrir árið 2020 verði greitt fyrir lok nóvembermánaðar inn á bankareikning sjóðsins hjá Arion Banka, reikn. nr. 0318-26-6501, kt. 650195-2139. Undirritaður veitir fúslega frekari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Styrktarsjóðs Garðasóknar



Einar Farestveit, gjaldkeri

UMSÓKN UM AÐSTOÐ FRÁ STYRKARTARSJÓÐI GARÐASÓKNAR

Hlutverk Styrktarsjóðs Garðasóknar er m.a. að veita fjárhagslega aðstoð íbúum Garðabæjar sem hafa orðið fyrir sérstökum áföllum, veita þeim tímabundna fjárhagslega aðstoð, styrkja bágstadda í Garðabæ og styrkja til náms eða þjálfunar einstaklinga sem búa sig undir störf að líknarmálum og forvarnarstarfi. Sjóðsstjórn tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli umsóknar og fylgigagna. Vinsamlegast athugið að aðeins er unnt að veita viðtöku umsóknum frá þeim sem eru með lögheimili í Garðabæ.

Farið er með öll erindi sem trúnaðarmál. Stjórn Styrktarsjóðs Garðasóknar mun aðeins nota upplýsingar sem veittar eru, til að meta styrkhæfi umsóknar um aðstoð svo og til almennrar skýrslugjafar en án persónuauðkenna. Um varðveislu og meðferð upplýsinga fer samkvæmt lögum, nr. 90/2018, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Ég undirrituð/undirritaður saki hér með um aðstoð hjá Styrktarsjóði Garðasóknar. Með undirritun á umsóknareyðublaði þetta staðfesti ég undirrituð/undirritaður að allar upplýsingar eru réttar og gefnar eftir bestu vitund. Ég heimila stjórn sjóðsins hér með að sannreyna upplýsingarnar ef þörf krefur til að leggja mat á styrkhæfi umsóknar minnar.

Útfylltu og undirrituðu umsóknareyðublaði ásamt fylgigögnum, eftir því sem við á, skal skilað til presta Garðasóknar í Víðalínaskirkju eða sent með tölvupósti til viðkomandi: sr. Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur: jonahronn@gardasokn.is eða sr. Henning Emil Magnússon, prestur: henning@gardasokn.is.

I. Umsækjandi	
Nafn: _____	Kennitala: _____
Lögheimili _____	Sími: _____ Netfang: _____
II. Fjölskylda.	
Hjúskaparstaða: Gift/Kvæntur: _____	Sambúð: _____ Einhleyp/ur: _____
Fjölskyldustærð: Fjöldi barna yngri en 18 ára: _____ Fjöldi barna 18-20 ára: _____	
III. Staða:	
Atvinna: _____ Án atvinnu: _____ Öryrki: _____ Ellilífeyrisþegi: _____ Námsmaður: _____	
Fæðingarorlof: _____ Annað (tilgreinið): _____	
IV. Sótt er um styrk/aðstoð vegna:	
Aðstoð fyrir jól/stórhátíð: _____ Alm. framfærslustyrk: _____ Fristundir barna _____	
Nám/endurhæfing: _____ Heilbrigðisþjónusta : _____ Ferming barns: _____	
Útfararkostnaður: _____ Annað (tilgreinið): _____	
V. Upplýsingar um fjárhag umsækjanda.	
Tekjur:	
Mánaðartekjur - meðaltal sl. 6 mánuði: _____ (allar tekjur þ.m.t. bætur, styrkir o.þ.h.)	
Útgjöld:	
Tegund húsnæðis: Eigið húsnæði: _____ Leiguhúsnæði: _____ Annað: _____	
Húsnæðiskostnaður á mánuði: _____ Önnur útgjöld: _____	
(ATH: Ef umsækjandi býr í leiguhúsnæði tilgreinið húsaleigu á mánuði / Ef umsækjandi býr í eigin húsnæði tilgreinið afborganir fasteignalána og fasteignagjöld á mánuði).	

VI. Greinargerð með umsókn.

Vinsamlegast gerið í stuttu máli grein fyrir ástæðum umsóknar og aðstæðum umsækjanda.

Undirskrift umsækjanda:

Garðabæ, _____
